# Breyting á deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi: Nýjar sjótökuholur

## Skipulagsuppdráttur 1

Fyrir breytingu. 1:10.000 [A1]




Eftir breytingu. 1:10.000 [A1]




Kvarði 1:10.000 — 200 0 200 400 600 800 1000m

### Skýringar:

- Skipulagssvæði
- Mörk sveitarfélaga
- Breytingasvæði
- Sjór / vötn
- Opin óbyggð svæði
- Orkuvinnsla / iðnaður
- Borsvæði jarðhita
- Skipulagi frestað
- Hverfisvernd
- Byggingar
- Dæmi um staðsetningu húsa innan byggingarreits
- Stofnbrautir
- Aðrir vegir
- Háspennulína
- Fyrirhugaður háspennustrengur
- Fornminjar
- Bílastæði
- Rotþró
- Safnæðar, gufu- og sjólagnir
- Affallsæð
- Sjólagnir
- Þéttivatnslögn
- Vatnslagnir
- Lóðarmörk
- Byggingarreitir




Úr Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030 - Ekki í kvarða.

## Skipulagsuppdráttur 2

Fyrir breytingu. 1:2.000 [A1]




Eftir breytingu. 1:2.000 [A1]




Kvarði 1:2.000 — 40 0 40 80 120 160 200m

## BREYTING A1: NÝJAR SJÓTÖKUHOLUR
## GREINARGERÐ OG SKILMÁLAR

**Forsendur**
Forsendur breytingar á deiliskipulagi er að auka sjónám í tengslum við stækkun Reykjanesvirkjunar, REY-4, stundum kölluð pækilvirkjun. Til þess er nauðsynlegt að fjölga sjótökuholum. Miðað er við að sjö sjótökuholur verði boraðar vestan við REY-4 á um 4.500 $m^2$ plani og lögð allt að 300 metra kælisjávarlögn að virkjuninni.

**Valkostir**
Til skoðunar voru tveir valkostir: 1. að stækka núverandi sjótökusvæði til norðurs og 2. að setja upp nýtt sjótökusvæði rétt við virkjunina. Megin ástæða þess að kostur 2 er valinn er að minna rask verður vegna framkvæmda, þar sem holurnar verða á þegar röskuðu svæði, holur eru nær helsta mannvirkjasvæðinu og það er minni kostnaður vegna styttri flutningslengda kælisjávar.

**Umhverfisskýrsla**
Helstu umhverfisáhrif breytingar snúa að beinu raski og aukinni losun affallsvatns um bunustokk í sjó. Þá er varða í nágrenni framkvæmda. Umhverfisáhrif eru talin óveruleg neikvæð vegna umfangs áhrifa, gildi þess svæðis sem raskast og þeirra skilmála sem settir eru fyrir framkvæmd.

**Jarðfræði**
Sjótökuholurnar verða staðsettar á svæði sem þegar er raskað að einhverju leyti. Planið mun þó raska að litlu leyti eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Staðsetja þarf holurnar þannig að ekkert rask verði á hverfisverndarsvæðinu fyrir Stampa. Reykjanesið er á náttúruminjaskrá.

**Fornleifar**
Planið liggur í 8 m fjarlægð frá fornleifum, vörðu nr. 381. Girt verður umhverfis vörðuna á framkvæmdatíma til að koma í veg fyrir rask á henni.

**Sjór**
Þegar liggur fyrir mat á áhrifum aukinnar losunar á sjó. Breytingar eru ekki taldar valda miklum neikvæðum áhrifum. Vel er fylgst með efnastyrk og hita við útrás bunustokks. Áframhaldandi vöktun verður til staðar.

**Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum**
Framkvæmdin er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar, þar sem um er að ræða framkvæmd sem fellur undir tl. 13.02 í viðauka laganna.

**Skilmálar**
- Girða þarf af vörðu nr. 381 áður en framkvæmdir hefjast til að tryggja að henni verði ekki raskað.
- Afmarka skal plan þannig að hverfisverndarsvæði við Stampa raskist ekki.
- Áframhaldandi vöktun verði á efnastyrk og hita sjávar.
- Taka tillit til þeirra þátta sem koma fram í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu.

## Samþykktir

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá ___ til ___ var samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann _______ 20__.

____________________________________

og í bæjarstjórn Grindavíkurbæjar þann _______ 20__.

____________________________________

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _______ 20__.

N / V / A / S

Skipulagsgögn: Uppdrætti fylgir greinargerð með umhverfisskýrslu.
Kortagrunnar: Kortagrunnur deiliskipulags iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi, ásamt breytingum.
Heimild: VSS og VSÓ Ráðgjöf.

Hnitakerfi: ISN93. Kvarði: 1:10.000, 1:2000 [A1].

| Breyting | Dags. | Tilefni | Skipulag |
| --- | --- | --- | --- |

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 20456_DSK_T_U-01 Dags.: 18.09.2020

Skipulag: EBA/SP Yfirfarið: SGT

HS ORKA · REYKJANESBÆR · GRINDAVÍKURBÆR

## Gunnar Kristinn Ottósson

| | |
|---|---|
| **From:** | Gunnar Kristinn Ottósson |
| **Sent:** | föstudagur, 15. janúar 2021 10:31 |
| **To:** | 'ust@ust.is'; Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja; 'Þór Hjaltalín'; 'nia@ni.is'; 'info@reykjanesgeopark.is' |
| **Cc:** | stefang@vso.is; 'Ásbjörn Blöndal' |
| **Subject:** | Deiliskipulag: Sjótökuholur Reykjanesi |
| **Attachments:** | Sjóvinnslusvæði.pdf |

Breyting deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi óskað er umsagnar um deiliskipulagsbreytinguna sem berist eigi síðar en 1. febrúar 2021.
Markmið deiliskipulags er að gera ráð fyrir nýjum sjótökuholum. Matskyldufyrirspurn var send Skipulagsstofnun vegna þessara framkvæmda.

Hlekkur á deiliskipulagsuppdrátt með greinargerð
https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/umhverfis_skipulagsrad/2020april-/257/03.-dsk-t-u-01-.pdf

Matsskyldu fyrirspurn https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/umhverfis_skipulagsrad/2020april-/260/12.-20456_tilkynning_sjotaka_201026_vidaukar.pdf

Hjálagt er svar Skipulagstofnunar við matskyldufyrirspurn dagsett 14. janúar 2021.

Kveðja


Gunnar Kr Ottosson arkitekt
Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ
Netfang / e-mail gunnar.k.ottosson@reykjanesbaer.is
Sími /telephone +354 421 6700
Veffang reykjanesbaer.is

## Gunnar Kristinn Ottósson

**From:** Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI <Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is>
**Sent:** mánudagur, 1. febrúar 2021 15:31
**To:** Gunnar Kristinn Ottósson
**Subject:** Re: Deiliskipulag: Sjótökuholur Reykjanesi

Mál: 202101-0050 LA

Vísað er til meðfylgjandi tölvupóst frá 15. janúar sl., þar sem Reykjanesbær óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi þar sem gert er ráð fyrir nýjum sjótökuholum.

Fyrirspurn um matsskyldu var send Skipulagsstofnun vegna þessara framkvæmda, sem mat það sem svo að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum (skjal nr. 202010038).

Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa neikvæð áhrif á ferskt grunnvatn, lífríki sjávar eða fjöru eða fornleifar en munu hafa staðbundin áhrif á eldhraun sem nýtur verndar.

Svæðið sem um ræðir (Valkostur A) liggur við hverfisverndað svæði Stampahrauns, svæði sem er á náttúrminjaskrá vegna gosmyndana og svæði sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun tekur undir með Skipulagsstofnun „Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu valda óafturkræfu en staðbundnu rask á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar en mun umfangsmeira rask er í nágrenni svæðisins þar sem er Reykjanesvirkjun og mannvirki tengd henni. Í mati á umhverfisáhrifum stækkunar Reykjanesvirkjunar árið 2009 var fjallað um og lagt mat á áhrif stækkunarinnar á lífríki sjávar og fjöru. Fyrirhugaðar breytingar taka eingöngu til færslu sjótökuhola og ekki er gert ráð fyrir að efnainnihald vatnsins breytist miðað við núverandi aðstæður en efnasamsetning vatns í bunustokki hefur verið vöktuð og verður svo áfram.“

Náttúrufræðistofnun vill einnig vekja athygli á tillögum stofnunarinnar um verndarsvæði náttúruminjaskrár (B-hluta) vegna fjöruvistgerða við Öngulbjrótsnef, klóþangsfjörur (sjá https://www.ni.is/greinar/su-ongulbrjotsnef). Stofnuninni er ekki kunnugt um hvort útfallið úr bunustokki Reykjanesvirkjunar, hvort sem það er breyting í efnasamsetningu eða hitastigi, hafi áhrif á þessar fjöruvistgerðir.

Bestu kveðjur,
Lovísa

.................................................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8,  220 Garðabær.
Sími/Tel:  (354) 5 900 500.    www.ni.is

**From:** "Gunnar Kristinn Ottósson" <Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is>
**To:** "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja" <hes@hes.is>; "Þór Hjaltalín" <thor@minjastofnun.is>; "Akureyri - NI" <nia@ni.is>; "info@reykjanesgeopark.is" <info@reykjanesgeopark.is>
**CC:** "Stefán Gunnar Thors" <stefan@vso.is>; "Ásbjörn Blöndal" <asbjorn@hsorka.is>
**Subject:** Deiliskipulag: Sjótökuholur Reykjanesi
**Date:** 15.1.2021 10:31:50

Breyting deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi óskað er umsagnar um deiliskipulagsbreytinguna sem berist eigi síðar en 1. febrúar 2021.
Markmið deiliskipulags er að gera ráð fyrir nýjum sjótökuholum. Matskyldufyrirspurn var send Skipulagsstofnun vegna þessara framkvæmda.

Hlekkur á deiliskipulagsuppdrátt með greinargerð
https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/umhverfis_skipulagsrad/2020april-/257/03.-dsk-t-u-01-.pdf

Matsskyldu fyrirspurn https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/umhverfis_skipulagsrad/2020april-/260/12.-20456_tilkynning_sjotaka_201026_vidaukar.pdf

Hjálagt er svar Skipulagstofnunar við matskyldufyrirspurn dagsett 14. janúar 2021.

Kveðja

Gunnar Kr Ottosson arkitekt
Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ
Netfang / e-mail gunnar.k.ottosson@reykjanesbaer.is
Sími /telephone +354 421 6700
Veffang reykjanesbaer.is

**HES** Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

Reykjanesbær
b.t. Gunnar K. Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Keflavík

Reykjanesbæ 21. janúar 2021

**Efni: Breyting deiliskipulags á Reykjanesi**

Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja hefur borist umsagnarbeiðni vegna breytinga á deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi, umsagnarbeiðni barst í tölvupósti þann 15. janúar sl.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna.

Virðingarfyllst,

J. Trausti Jónsson

J. Trausti Jónsson,
heilbrigðisfulltrúi.

# Breyting á deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi: Nýjar sjótökuholur

## Skipulagsuppdráttur 1

Fyrir breytingu. 1:10.000 [A1]




Eftir breytingu. 1:10.000 [A1]




Kvarði 1:10.000 — 200 0 200 400 600 800 1000m

### Skýringar:

- Skipulagssvæði
- Mörk sveitarfélaga
- Breytingasvæði
- Sjór / vötn
- Opin óbyggð svæði
- Orkuvinnsla / iðnaður
- Borsvæði jarðhita
- Skipulagi frestað
- Hverfisvernd
- Byggingar
- Dæmi um staðsetningu húsa innan byggingarreits
- Stofnbrautir
- Aðrir vegir
- Háspennulína
- Fyrirhugaður háspennustrengur
- Fornminjar
- Bílastæði
- Rotþró
- Safnæðar, gufu- og sjólagnir
- Affallsæð
- Sjólagnir
- Þéttivatnslögn
- Vatnslagnir
- Lóðarmörk
- Byggingarreitir



Úr Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030 - Ekki í kvarða.

## Skipulagsuppdráttur 2

Fyrir breytingu. 1:2.000 [A1]




Eftir breytingu. 1:2.000 [A1]




Kvarði 1:2.000 — 40 0 40 80 120 160 200m

### BREYTING A1: NÝJAR SJÓTÖKUHOLUR
### GREINARGERÐ OG SKILMÁLAR

**Forsendur**
Forsendur breytingar á deiliskipulagi er að auka sjónám í tengslum við stækkun Reykjanesvirkjunar, REY-4, stundum kölluð pækilvirkjun. Til þess er nauðsynlegt að fjölga sjótökuholum. Miðað er við að sjö sjótökuholur verði boraðar vestan við REY-4 á um 4.500 $m^2$ plani og lögð allt að 300 metra kælisjávarlögn að virkjuninni.

**Valkostir**
Til skoðunar voru tveir valkostir: 1. að stækka núverandi sjótökusvæði til norðurs og 2. að setja upp nýtt sjótökusvæði rétt við virkjunina. Megin ástæða þess að kostur 2 er valinn er að minna rask verður vegna framkvæmda, þar sem holurnar verða á þegar röskuðu svæði, holur eru nær helsta mannvirkjasvæðinu og það er minni kostnaður vegna styttri flutningslengda kælisjávar.

**Umhverfisskýrsla**
Helstu umhverfisáhrif breytingar snúa að beinu raski og aukinni losun affallsvatns um bunustokk í sjó. Þá er varða í nágrenni framkvæmda. Umhverfisáhrif eru talin óveruleg neikvæð vegna umfangs áhrifa, gildi þess svæðis sem raskast og þeirra skilmála sem settir eru fyrir framkvæmd.

**Jarðfræði**
Sjótökuholurnar verða staðsettar á svæði sem þegar er raskað að einhverju leyti. Planið mun þó raska að litlu leyti eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Staðsetja þarf holurnar þannig að ekkert rask verði á hverfisverndarsvæðinu fyrir Stampa. Reykjanesið er á náttúruminjaskrá.

**Fornleifar**
Planið liggur í 8 m fjarlægð frá fornleifum, vörðu nr. 381. Girt verður umhverfis vörðuna á framkvæmdatíma til að koma í veg fyrir rask á henni.

**Sjór**
Þegar liggur fyrir mat á áhrifum aukinnar losunar á sjó. Breytingar eru ekki taldar valda miklum neikvæðum áhrifum. Vel er fylgst með efnastyrk og hita við útrás bunustokks. Áframhaldandi vöktun verður til staðar.

**Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum**
Framkvæmdin er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar, þar sem um er að ræða framkvæmd sem fellur undir tl. 13.02 í viðauka laganna.

**Skilmálar**
- Girða þarf af vörðu nr. 381 áður en framkvæmdir hefjast til að tryggja að henni verði ekki raskað.
- Afmarka skal plan þannig að hverfisverndarsvæði við Stampa raskist ekki.
- Áframhaldandi vöktun verði á efnastyrk og hita sjávar.
- Taka tillit til þeirra þátta sem koma fram í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu.

### Samþykktir

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá ___ til ___ var samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann _______ 20__.

_______________________________

og í bæjarstjórn Grindavíkurbæjar þann _______ 20__.

_______________________________

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _______ 20__.

N V A S

Skipulagsgögn: Uppdrætti fylgir greinargerð með umhverfisskýrslu.
Kortagrunnar: Kortagrunnur deiliskipulags iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi, ásamt breytingum.
Heimild: VSS og VSÓ Ráðgjöf.

Hnitakerfi: ISN93. Kvarði: 1:10.000, 1:2000 [A1].

| Breyting | Dags. | Tilefni | Skipulag |
|---|---|---|---|

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 20456_DSK_T_U-01 Dags.: 18.09.2020

Skipulag: EBA/SP Yfirfarið: SGT

HS ORKA · REYKJANESBÆR · GRINDAVÍKURBÆR